

# Áveitan

5. tbl. 4. árgangur. Maí 2010

## Fjör í Flóa

Hátíðin Fjör í Flóa verður haldin dagana 28. 29. og 30. maí nk. og verður hún sett á föstudeginum í Þjósárverri. Til að fólk fái örlitla innsýn í dagskrána, þá má nefna að Umf. Vaka verður með grill og reiptogskeppni á föstudagskvöld og morgunmatur verður í Þingborg á laugardagsmorgninum. Ratleikurinn um Flóann verður á sínum stað. Kvöldvaka verður á laugardagskvöldinu í Þingborg. Á sunnudeginum mun Skoppa og Skríttla skemmta börnum og fullorðnum í Félagslundu. Þetta er aðeins brot af því sem í boði verður, en dagskráin í heild sinni verður auglýst er nær dregur. Enn er hægt að skrá þátttöku ef fólk vill hafa opið hús hjá sér eða kynna starfsemi sína eða framleiðsluvörur. Ef einhver á smádyr sem mætti sýna þessa helgi þá mætti sá gefa sig fram við rekstrarstjórn/húsverði.

Í rekstrarstjórn eru: Sigmar Örn Aðalsteinsson Jaðarkoti

Helgi Sigurðsson, Súluholti

Anný Ingimarsdóttir, Vorsabæjarháleigu

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir, Vatnasholti

Svanhvít Hermannsdóttir, Lambastöðum

Húsverðir eru; Þingborg: Ingibjörg Einarsdóttir, Langsstöðum

Þjósárver: Erling Sæmundsson, Skálatjörn

Félagslundur: Kristín Ólafsdóttir, Gaulverjabæ



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### Kæru íbúar

Ég óska ykkur gleðilegs sumars og vona að það reynist ykkur vel. Minn tími sem sveitarstjóri þessa unga sveitarfélags er senn á enda en sveitarstjórnarkosningar verða haldnar 29. maí n.k. Það hefur verið afar ánægjulegt að vinna að uppbyggingu nýs sveitarfélags með því samhenta fólki sem situr í sveitarstjórn Flóahrepps og öllum þeim mætu starfsmönnum sem hér skipa hverja stöðu. Ég þakka þeim, svo og íbúum öllum fyrir samvinnuna og allar góðar samverustundir á kjörtímabilinu og óska ykkur alls hins besta.

### Vatnsmál

Eins og íbúar vita þá hafa undanfarin sumur einkennst af miklum þurrkum og er ekkert sem bendir til að þetta sumar verði öðruvísi. Grunnvatnsstaða er að öllum líkindum með lægra móti eftir þennan vetur þar sem nánast snjólaust hefur verið og úrkomulítið. Nú er verið að leggja lokahönd á hönnunargögn vegna útboðs nýrrar aðveitu fyrir kalt vatn í Flóahrepp með tengingu við vatnsveitu Árborgar.

Fyrsti áfangi þeirrar framkvæmdar er að reisa dæluhús við Árbæjarlindir til að auka rennsli frá lind og svera hluta lagna í Árvegi norðan við mjólkurbúið að sveitarfélagamörkum. Einnig verður lögn frá sveitarfélagamörkum að Langholtsafleggjara sveruð og sett bráðabirgðadælustöð í námunda við Langholtsafleggjara.

Notast verður við núverandi lagnir meðfram Suðurlandsvegi fyrsta árið en dælustöð reist við Þingborg. Ný lögn verður lögd frá Neistastöðum í suður að Ruddakróki og dælustöð verður sett í nágrenni linda við Neistastaði.

Það er ljóst að framkvæmdum verður ekki lokið fyrir sumarið en tengingum verður breytt í Ruddakróki ásamt því að setja upp mæla og stýringar til að fylgjast með vatnsmagni og hafa þá tök á að bregðast fyrir við ef stefnir í vandræði. Aætluð verklok fyrsta áfanga er í ágúst/september.

Einnig hefur mikil vinna verið lögð í það síðastaliðið ár að finna vatnsleka í sveitarfélaginu og lagfæra þá.

Árið 2011 er svo stefnt að því að bora nýja vinnsluholu við Árbæjarlindir og leggja nýja aðveitu frá miðlunargeymi að brú ásamt því að svera lagnir frá Langholtsvegi að Þingborg.

### Framkvæmdir við Flóaskóla

Á fundi sveitarstjórnar þann 17. mars s.l. var samþykkt að leita samninga við Örréverk ehf samkvæmt fyrirlliggjandi verðhugmynd þeirra, kr. 40.595.157 en það var

hagstæðasta verðhugmyndin sem barst í lokafrágang viðbyggingar Flóaskóla. Jón Friðrik Matthíasson, byggingarfræðingur og hönnuður viðbyggingar var fenginn til að yfirfara tvær hagstæðustu verðhugmyndirnar með það í huga að samræma hönnun og tilboð. Í ljós kom að Örtreverk ehf gat ekki staðið við innsendar verðhugmyndir sínar og samþykkti sveitarstjórn því að leita samninga við Smíðanda ehf á grundvelli fyrirliggjandi verðhugmyndar þeirra dags. 8. mars 2010.

### **Ársreikningur 2009**

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2009 hefur verið lagður fram til seinni umræðu og samþykktur samhljóða af sveitarstjórn. Ársreikningur skiptist í A og B hluta. A hluti er starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en B hluti er starfssemi sem rekin er eins og fyrirtæki. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita og Leiguíbúðir.

Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi:

Rekstrartekjur	kr. 380.712.759
Rekstrargjöld	kr. 349.247.644
Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld	kr. 2.122.912
Rekstrarniðurstaða	kr. 33.588.027
Eigið fé	kr. 382.367.234
Skuldir	kr. 142.213.522
Eignir	kr. 524.580.756

### **Nýr leikskólastjóri**

Sveitarstjórn hefur samþykkt að ráða Karen Viðarsdóttur sem leikskólastjóra en hún hefur sinnt starfinu í afleysingum frá 15. maí 2009 með miklum ágætum. Karen er óskað velfarnaðar í störfum sínum.

### **Innkaupareglur**

Sveitarstjórn undirbýr nú innkaupareglur sveitarfélagsins en drög að þeim hafa verið lagðar fram til fyrri umræðu.

Í innkaupareglum verður lögð áhersla á að hagsmunir sveitarfélagsins verði ávallt hafðir í fyrirrúmi jafnhliða því að uppfylla kröfur um opinber innkaup.

### **Búfjárhald án búsetu**

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var lagður fram listi frá búfjárefirlitsmanni sveitarfélagsins um aðila sem halda búfé í sveitarfélaginu en eru búsettir annarsstaðar.

Sveitarstjórn telur að listinn sé hvorki tæmandi né réttur og óskað var eftir því að búfjárefirlitsmaður útvegaði réttan lista og sendi þeim aðilum beiðni um að tilnefna tilsjónarmann. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald segir að þar sem gripir séu hafðir í hagöngu á eyðijörðum eða landspildum þar sem ekki er fóst búseta skuli umráðamaður búfjár ætíð tilgreina tilsjónarmann, samþykktan af sveitarstjórn, sem sér um fóðrun og eftirlit með aðbúnaði búfjárins og viðkomandi beitolöndum.

### **Sorphirðudagatal**

Í þessu fréttabréfi er nýtt og betrubætt sorphirðudagatal þar sem litum hefur breytt og plasthirðudögum fjölgað. Í júní og ágúst er reiknað með að hirða plast á einum degi í

öllu sveitarfélaginu í stað tveggja eins og yfir vetrarmánuðina. Önnur breyting er sú að græna tunnann er nú tæmd á einum og sama degi í öllu sveitarfélaginu á tveggja mánaða fresti.

### **Sláttur fyrir ellilífeyrisþega**

Ellilífeyrisþegum sem lögheimili eiga í Flóahreppi, gefst kostur á slætti á grasflötum við íbúðarhús í sumar á tímabilinu 7. júní til 15. júlí. Þeir sem hafa áhuga á því, vinsamlegast hafið samband sem fyrst, við Guðmund, umsjónarmann fasteigna, í síma 846-0092.

### **Ágætu lesendur, gleðilegt sumar!**

Með þessari Áveitu fylgir til þeirra sem við á seðill vegna áskriftargjalds ársins 2010. Áskriftargjaldið er 1200 kr. Ef einhverjir verða ekki búnir að borga fyrir mánaðamótin maí-júní er litið svo á að þeir vilji ekki fá blaðið sent lengur. Einnig er minnt á að hægt er að fá blaðið sent í tölvupósti og það kostar ekkert.

Kveðja, ritstjórn

**Tökum að okkur allar gerðir  
mannvirkja.**

**Nýsmíði, viðhald, breytingar.**

**Erum með traktors- og beltagröfu.**

**Kríutangi ehf**

**Vorsabæ**

**Stefán Helgason Húsasmíðameistari**

**S:893-4933**

# Krakkaborgarfréttir

Kæru sveitungar, gleðilegt sumar!

Af okkur í Krakkaborg er allt gott að fréttu og ánægjulegt að segja frá því að Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps ákvað á dögunum að færa leikskólanum Krakkaborg peningagjöf að upphæð 200.000 kr. Við þökkum Búnaðarfélaginu kærlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf sem á án efa eftir að koma að góðum notum við að auka og efla aðstöðu og efnivið í leikskólanum.

ART kennslan gengur ljómandi vel og hefur reynst mörgum nemendum mjög vel bæði þeim sem eru óframfærin sem og þeim sem eru ófeimin. Það er svo sannarlega hvetjandi að heyra að börnin eru farin að yfirfæra kunnáttu sína og nýta sér hana í samskiptum við félagana sína. Sem dæmi heyrðist frá einum nemenda segja við vin sinn eftir ART-tíma: **“Ég þarf að æfa mig í að stoppa og hlusta á þig”**.

Mánudaginn 12. apríl fóru nemendur Tigradeild í heimsókn í Flóaskóla og heimsóttum vini sína í 1. og 2. bekk. Fyrst var ferðinni heitið í Þjorsárver en þar voru sungin saman nokkur lög og farið í allskonar hreyfileiki. Þvínæst var farið út á leiksvæði í frjálstan leik áður en haldið var aftur í leikskólann.

Þann 6. – 12. maí hefst síðan Vorskóli elstu nemenda Tigradeildar en með henni lýkur reglulegum heimsóknum í Flóaskóla. Í vetur hefur verið lagður góður grunnur að lestarnámi elstu barna leikskólans þar sem þau hafa verið í meðal annars í markvissri málörvun fjórum sinnum í viku. Allt er þetta afrakstur af traustu og góðu samstarfi Krakkaborgar og Flóaskóla þar sem velferð nemenda er í hvívetna höfð að leiðarljósi.

Farið verður í hina sívinsælu lambaferð þann 18. maí og því næst verður hin árlega vorhátíð Krakkaborgar haldinn eða þann 26. maí. Þessir viðburðir verða auglýstir nánar þegar nær dregur.

Þann 13. maí n.k. ætlar starfsfólk leikskólans að fara í námsferð til Akureyrar. Í ferðinni ætlum við að heimsækja þrjá leikskóla og kynna okkur kennsluhætti þeirra. Leikskólarnir þrír eru Hólmasól sem er Hjallastefnuskóli, Naustatjörn sem byggir starf sitt á hugmyndafræði John Dewey og er “skóli á grænni grein” og Iðavellir sem er Reggio Emilia skóli þar sem lögð er áhersla á listgreinar og heimspeki með börnum. Það er markmið okkar með þessari námsferð að kynnast nýjum og áhugaverðum hugmyndum og aðferðum sem við getum svo nýtt okkur við að efla starfið í Krakkaborg enn frekar. Af þessu tilefni stóðum við fyrir fjáröflun í leikskólanum miðvikudaginn 14. apríl sem tókst sérlega vel. Í boði var að kaupa fjölbreytt og gott bakkelsi með kaffinu. Starfsfólk Krakkaborgar þakkar kærlega fyrir góð viðbrögð og veittan stuðning.

Undirbúningur fyrir skólaárið 2010 – 2011 stendur nú sem

hæst og gengur mjög vel. Þar sem búast má við að í fyrsta skipti í sögu leikskólans myndist biðlisti fyrir skólaárið 2010 - 2011 hafa nú verið búnar til reglur um úthlutun leikskóplássna og um leikskóladvöl. Þessar reglur má nálgast á heimasíðu leikskólans: [www.leikskolinn.is/krakkaborg](http://www.leikskolinn.is/krakkaborg). Ef einhverjar spurningar vakna eru foreldrar hvattir til að hafa samband við leikskólastjóra Krakkaborgar.

Með von um gott og gleðiríkt sumar,  
Karen Viðarsdóttir, leikskólastjóri  
karen@floahreppur.is, sími: 482-3085

## *Frá Flóaskóla*

Gleðilegt sumar!

Það er alltaf gaman að segja frá því sem nemendur okkar gera utan skóla, því þrátt fyrir að námið sé mikil vinna virðast flestir sinna alls kyns tólmstundum utan skólans. Nemendur okkar hafa verið iðnir við að vinna til viðurkenninga á íþróttamótum og má gjarnan sjá myndir af þeim á íþróttasíðu Dagskrárinnar, ýmist fyrir þátttöku í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Nú nýlega var haldin firmakeppnin hestamannafélagsins Sleipnis og þar náðu nemendur Flóaskóla góðum árangri. Þorgils Kári Sigurðsson frá Kolsholti varð í fyrsta sæti í sínum flokki á Móaling frá Kolsholti og Sveinn Orri Einarsson frá Egilsstaðakoti var í fyrsta sæti í sínum flokki á Veigari frá Egilsstaðakoti. Fleiri nemendur skólans náðu verðlaunasæti en Hjördís Björg Viðjudóttir frá Langholti varð í 3. sæti í sínum flokki á Perlu frá Langholti II. Góður árangur hjá þessu unga fólki sem á framtíðina fyrir sér í hestamenskunni.

Undirbúningur næsta skólaárs stendur nú sem hæst. Gengið hefur verið frá ráðningum nokkurra nýrra starfsmanna sem hefja störf í ágúst. Guðný Björk Hallgrímsdóttir er nýr þroskaþjálfari, Agnes Harpa Hreggviðsdóttir er nýr kennari í hönnun og smíði og Anna Þorný Sigfúsdóttir er nýr kennari í íþróttum og íslensku á unglingastigi. Væntanlega verður kennsla í skólasundi og upplýsinga- og tæknimennt auglýst aftur. Við bjóðum þessa nýju starfsmenn velkomna að skólanum og hlökkum til að eiga samstarf við þá.

Elstu nemendur leikskólans Krakkaborgar eru væntanlegir til okkar 6.-12. maí í svokallaða vorskólavíku. Í vorskólavíkunni fá verðandi 1. bekkingar að spreyta sig í daglegu starfi í skólanum, vinna bókleg verkefni, fá kynningu á verkgreinum, skólasundi og íþróttum og fá að ferðast í og úr skólanum með skólabíl. Auk þess taka þau þátt í frímínútum með eldri nemendum og borða

hádegismat í mötuneyti skólans. Kynningarfundur fyrir foreldra verðandi 1. bekkinga verður haldinn í skólanum þriðjudagskvöldið 4. maí. Vorskólavikan er mikilvægur hlekkur í tengingunni á milli skólastiga og hefur starfið í skólanum þessa viku skilað jákvæðum og öruggum nýnemum að hausti.

Nýlega hafa skólanum borist mjög höfðinglegar gjafir og viðurkenningar sem við erum afskaplega ánægð með og stolt af. Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps afhenti skólanum kr. 200.000 og munu þeir fjármunir svo sannarlega koma sér vel í haust. Nýju húsnæði fylgja innkaup á nýjum munum. Undanfarin ár hefur ýmislegt setið á hakanum vegna skorts á aðstöðu en úr því verður bætt á næsta skólaári. Við þökkum Búnaðarfélagi Gaulverjabæjarhrepps innilega fyrir þessa gjöf. Búnaðarfélag Villingaholtshrepps heiðraði nemendur og starfsfólk skólans nýverið með því að afhenda þeim farandbikar og viðurkenningarskjál fyrir frábæran árangur í starfi og leik. Við erum ákaflega stolt vegna þess heiðurs sem okkur er sýndur og ánægð með þá viðurkenningu á störfum okkar sem í þessu felst.

Flóaskóli verður með kynningu á „Fjör í Flóa“ helgina 28.-30. maí nk. og mun m.a. opna hátíðina á föstudeginum. Vonandi sjá sem flestir sveitungar sér fært að taka þátt í þessari skemmtilegu sveitahátíð. Skólaslit verða mánudaginn 31. maí kl. 14:00 í Þjórsárveri.

Sumarkveðjur frá Flóaskóla, Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.

[kristin@floahreppur.is](mailto:kristin@floahreppur.is) , gsm 663-5720.

## **Bingó!**

Bingó verður haldið í Þjórsárveri fimmtudagskvöldið 6. maí kl. 20:00. Bingóið er haldið í fjáröflunarskyni fyrir ferðasjóð nemenda í 6.-7. bekk í Flóaskóla en þeir fara í vorferð um Snæfellsnes í lok maí.

Allir velkomnir – sjoppa verður opin! (enginn posi).

Flóaskóli.

# Tækjalisti Búnaðarféлага Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps

Tæki í umsjá Gísla á Stóru- Reykjum	Verð kr.	Tæki í umsjá Kristjáns í Forsæti	Verð kr.
Pinnatætari	2500 ha	Hagasláttuvél	2000 - klst
Diskaherfi	2000 ha	Sturtuvagn	5000 á dag
Plógur 4skeri	2500 ha	Sturtuvagn	2500 hálfur dagur
Plógur 5 skeri	3000 ha	Steypuhrærivél	200,- pr poka en hámark 6000,- á dag
Valtari	1500 ha	Flaghefill	Frítt
Sáðvél	2000 ha	Málingarsprauta	Frítt
Grjótrakstrarvél	2000 ha	Topplykklassett	Frítt
Hnífaherfi	1000 ha		
Skeljasandsdreifari	500-pr tonn	Tæki í umsjá Reynis á Hurðarbaki	Verð kr.
Úðadæla	Frítt	Pinnatætari	2500 ha
Snitttæki	Frítt	Plógur 5 skera	3000 ha
Flaghefill á grind	Frítt	Valtari	1500 ha
Haughræra	1000- klst	Staurabor	500 kr-klst
Flaghefill	Frítt	Þvottatæki	1500 á dag
Málingarsprauta	Frítt	Tæki í umsjá Bjarna í Gróf	Verð kr.
<b>Tækjum skal skilað hreinum og ný smurðum til umsjónarmanna.</b>		Hnífatætari	1800 kr-klst
		Plógur 4 skeri	2500 ha
		Fjaðraherfi	1500 ha
		Haugsuga	1800 kr-klst
		Haughræra	1000 kr-klst

## Umsjónarmenn

## Sími

Gíslí á Stóru-Reykjum

899-4017

Reynir á Hurðarbaki

898-0929

Kristján í Forsæti

862-7532

Bjarni í Gróf

846-3411



# FRÁ KVENFÉLAGI HRAUNGERÐISHREPPS

## VORFUNDUR

Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Félagsheimilinu Þingborg þriðjudagskvöldið 8.júní kl. 20:30. Nýir félagar velkomnir.

Kaffíkonur: Betzy L-Ármóti, Helga S-Ármóti, Hilda S-Ármóti, Inga Langstöðum, Ingunn Hallanda, Sigríður Hallanda. Stjórnin.

## Hlutavelta / Tombóla

Kvenfélag Hraungerðishrepps ætlar að efna til hlutaveltu á vorhátíðinni Fjör í Flóa. Til að gera þetta að veglegri hlutaveltu hvetjum við ykkur kæru kvenfélagskonur og aðra sveitunga að safna einhverju skemmtilegu saman.

Allt mögulegt kemur til greina “bara að nota hugmyndaflugið”. Ágóðinn rennur til líknarmála.

Verðum í kvenfélagsherberginu fimmtudagskvöldið 20. maí frá kl. 20.30 og tökum á móti hlutum. Einnig má koma varningi til Jónínu á Stóru-Reykjum hvenær sem er. Upplýsingar hjá fjáröflunarnefnd í síma 482 1017 / 865 3432 Jónína og 862 6445 Halla.

### **Gaulverjaskóli-Farfuglaheimili**

*Það verðu opið hús hjá okkur á „Fjör í Flóa“  
Laugardag og sunnudag kl: 14.00 til 18.00*

Og

**Stjúri rakari verður á staðnum með skærin.**

Prúttaðu við hann

## **Íbúar í Flóahreppi og nærsveitamenn!**

Við verðum með 60 fermetra tjald við Gaulverjaskóla/Félagslund á Fjöri í Flóa og svo áfram um helgar í sumar júní og júlí ekkert gjald er tekið fyrir básana fólk kemur sjálf með söluborð, fyrstir koma fyrstir fá..

Þeir sem hafa hug á að vera með og selja vörur sínar á Fjör í Flóa helginni þurfa að vera búnir að panta fyrir 20 maí, uppl.veitir Gestur í síma 5510654 [gaulverjaskoli@hostel.is](mailto:gaulverjaskoli@hostel.is)

## Frá UMF Baldri:

### Hestamannakaffi

Árlegt hestamannakaffi Umf. Baldurs verður haldið í Þingborg þann 8. maí nk. Nú er um að gera að mæta í kaffi og sýna þá gæðinga sem fólk hefur alið í vetur og monta sig aðeins. Húsið opnar kl 14:00 og stendur kaffið til 17:00. Allir eru hvattir til að mætta á hvaða fararskjótum sem er!!

Ath. Kæru sveitungar, undanfarin ár höfum við haft þann háttinn á að óska eftir bakkelsi frá góðviljugum konum, jafnvel körlum í sveitinni. Ekki ætlum við að hringja á bæi en þeir sem vilja leggja okkur lið eru vinsamlegast beðnir um að koma með kökur, eða hvað sem er, í Þingborg fyrir klukkan 12:00 sama dag og kaffið er.

Skemmtinefnd Umf. Baldurs

### Vorfundur

Vorfundur UMF Baldurs verður haldinn mánudagskvöldið 16. maí klukkan 20:30 í Þingborg. Meðal þess sem verður rætt er sumarstarfið og margt fleira.

Ef þig langar að hafa áhrif á hvað Umf. Baldur gerir í sumar mættu á fundinn og segðu þína skoðun.

Stjórn Umf. Baldurs

### Þorablótsannáll

Þeim sem langar til að kaupa þorablótsannál Umf. Baldurs frá þorablóti 2010 á mynddisk skulu hringja í Baldur í síma 867-3538 eða senda línu á netfangið [ballroq@hotmail.com](mailto:ballroq@hotmail.com).

### Reiðtúr

Stjórn Umf. Baldurs ætlar að reyna að hafa reiðtúr upp í Einbúa líkt og gert var í fyrravor. Dagsetning er ekki ljós en verður rædd frekar á vorfundi félagsins þann 16. maí.

### Hreinsunardagur í Einbúa

Stefnt er að halda hreinsunardag í Einbúa líkt og undanfarin ár í byrjun júní, þar sem verður haldið áfram að hlúa að okkar glæsilega útivistar- og íþróttasvæði. Nánar auglýst síðar.

### Landbúnaðarverktakar

Tökum að okkur alla almenna flagvinnslu, áburðardreifingu, sáningu, slátt og rúllun. Get einnig bundið litla bagga. Erum líka með traktorsgröfu, sturtuvagn og jarðýtu.

Sigmar Örn Jaðarkoti s: 6968653

Jón Valgeir Lyngholti s: 8929719

## **Þjóðbúningaguðspjónusta í Villingaholtskirkju**

Á mæðradaginn, sunnudaginn 9. maí n.k. kl. 13.30 verður haldin þjóðbúningaguðspjónusta í Villingaholtskirkju.

Við hvetjum alla til að mæta til guðspjónustunnar og gaman væri að þeir sem eiga þjóðbúninga, íslenska sem erlenda, myndu mæta í þeim. Sóknarnefnd býður kirkjugestum til kaffisamsætis í Þjórsárveri að lokinni guðspjónustu.

f.h. sóknarnefndar Villingaholtskirkju  
Sólveig Þórðardóttir

## **Aðalsafnaðarfundur!**

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar verður haldinn í Gaulverjabæjarkirkju fimmtudagskvöldið 6. maí n.k. og hefst kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf.

Nú sér fyrir endann á umfangsmiklum endurbótum á Gauverjabæjarkirkju, sem hófust árið 2004, en þeim lýkur með málun kirkjunnar að utan í sumar. Sóknarbörn eru hvött til að mæta til fundarins og hafa þannig áhrif á starfið í kirkjunni.

Sóknarnefnd

## **Tamningar**

Tek að mér tamningar og þjálfun. Er staðsettur í Vatnsholti í Villingaholtshreppi. Mikil reynsla og vönduð vinnubrögð. Verð 45.000 með járnungu og 40.000 án járnungar. Áhugasamir hafi samband við Davíð, s. 846-3444.

## **Stelpu-fótbolti**

Við ætlum að hafa stelpubolta í sveitinni í sumar (á vellinum við Þjórsárver) eins og í fyrrasumar, við ætlum að halda okkur við þriðjudagana áfram og byrja kl. 20:30. Miðað er við 18 ára aldur, fyrsta æfing sumarsins verður 18. maí.

Hlökkum til að sjá ykkur,  
Fc Sveitaglyðrur

(Nánari upplýsingar hjá Oddnýju Ásu í síma 865-5692)

## **Framboðsfundur T-listans**

Fimmtudagskvöldið 20. maí kl. 20:30 verður framboðsfundur T-listans í Þjórsárveri.

Kynnt verður stefnuskrá listans og frambjóðendur sitja fyrir svörum. Við vonumst til að sem flestir láti sjá sig og kynni sér stefnumál T-listans í komandi sveitastjórnarkosningum.

Kaffiveitingar.

T-listinn í Flóahreppi.

## **Frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps**

Aðalfundur félagsins var haldinn í Þjórsárveri 11. apríl sl. og voru 20 félagar mættir. Á fundinum var afreksbikar Búnaðarsambands Suðurlands veittur í 7. sinn og hlutu hann að þessu sinni nemendur og starfsfólk Flóaskóla fyrir frábæran árangur í starfi og leik. Kristín Sigurðardóttir skólastjóri veitti bikarnum viðtöku. Í úthlutunarnefnd voru Ólafur Einarsson formaður félagsins, Valgerður Gestsdóttir formaður Kvenfélags Villingaholtshrepps og Aðalsteinn Sveinsson oddviti Flóahrepps.

Á fundinum gekk Ólafur Einarsson úr stjórn eftir farsælt starf, en Reynir Þór Jónsson á Hurðarbaki var kosinn í hans stað. Stjórnin hefur nú skipt með sér verkum og er Bjarni Pálsson í Syðri-Gróf nýr formaður félagsins.

Stjórnin

## **Nytjamarkaður**

Kvenfélag Villingaholtshrepps ætlar að hafa líflegan nytjamarkað á loftinu í Þjórsárveri 29. og 30. maí. Þar munu hinir ýmsu MUNIR skipta um eigendur og

ágóðinn fer til góðgerðarmála :)

Kæru sveitungar og aðrir, munið nú eftir okkur, ef þið þurfið að losa ykkur við eitthvað sem öðrum gæti gagnast og styrkið gott málefni. Tekið er við dóti f.h.alla virka daga í maí í Þjórsárveri (eldhúsi).

## Frá Umf. Vöku:

### Leikjanámskeið

Eins og undanfarin ár verður haldið leikjanámskeið á íþróttasvæðinu við Þjósárver dagana 7.-18. júní n.k. Námskeiðið er fyrir börn fædd á árunum 1998-2004. Nánar auglýst síðar.

### Víðavangshlaup

Árlegt víðavangshlaup félagsins var haldið á Þjósárbökkum sumardaginn fyrsta og var þátttaka góð þó ekki hafi veðrið verið sérlega sumarlegt. Að hlaupi loknu var farið í Þjósárver þar sem konur og karlar kepptu í spurningakeppninni: "Hversu vel lestu Áveituna" og þar höfðu konurnar betur. Þá bauð ungmennafélagið öllum viðstöddum í kaffihlaðborð. Félagið þakkar öllum fyrir komuna og einnig öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við framkvæmd hlaupsins, bakstur og eldhúsvinnu. Hér koma úrslit hlaupsins:

1.	Haraldur Einarsson	´87	5:37 mín.
2.	Halldór Bjarnason	´96	5:40 mín.
3.	Arnar Einarsson	´96	5:40 mín.
4.	Sveinn Orri Einarsson	´96	5:53 mín.
5.	Þorgils Kári Sigurðsson	´97	6:14 mín.
6.	Ægir Atlason	´98	6:18 mín.
7.	Jón Þór Pálsson	´97	6:28 mín.
8.	Þórunn Elva Bjarkadóttir	´76	6:37 mín.
9.	Helga Björg Helgadóttir	´86	6:40 mín.
10.	Guðmunda Ólafsdóttir	´89	6:41 mín.
11.	Víkingu Freyr Erlingsson	´96	7:01 mín.
12.	Ýmir Atlason	´00	7:08 mín.
13.	Guðrún Inga Helgadóttir	´97	7:23 mín.
14.	Dagur Fannar Einarsson	´02	7:51 mín.
15.	Ásrún Halla Loftsdóttir	´96	8:12 mín.
16.	Jóann Páll Smáráson	´97	9:18 mín.
17.	Anna Kristín Kristjánsdóttir	´82	9:26 mín.
18.	Marta Brynjólfsdóttir	´02	11:18 mín.
19.	Sæþór Atlason	´04	11:18 mín.
20.	Unnsteinn Reynisson	´03	12:09 mín.
21.	Kristín Stefánsdóttir	´48	12:21 mín.
22.	Bryndís Ólafsdóttir	´70	12:22 mín.
23.	Aðalsteinn Sveinsson	´59	12:30 mín.
24.	Sigurjón Reynisson	´05	13:21 mín.
25.	Fanney Ólafsdóttir	´80	13:22 mín.
26.	Margrét Ingjaldsdóttir	´80	13:23 mín.
27.	Freyja Kristín Guðjónsdóttir	´04	13:24 mín.
28.	Embla María Böðvardóttir	´05	13:31 mín.

29.	Agnes Þorsteinsdóttir	´85	13:31 mín.
30.	Kristín Tómasdóttir	´54	13:45 mín.
31.	Pétur Þór Brynjólfsson	´02	13:47 mín.
32.	Sigurbjörg Eva Ernudóttir	´01	13:52 mín.
33.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	´01	13:52 mín.
34.	Daði Kolviður Einarsson	´05	14:18 mín.
35.	Lilja Böðvarsdóttir	´67	14:19 mín.
36.	Hjalti Geir Jónsson	´06	14:35 mín.
37.	Jón Geirsson	´75	14:35 mín.
38.	Þóra Björk Sigurðardóttir	´07	14:57 mín.
39.	Unnur Bjarkadóttir	´86	14:57 mín.
40.	Valgerður Gestsdóttir	´57	14:58 mín.
41.	Karl Valur Guðmundsson	´83	14:59 mín.
42.	Jón Finnur Ólafsson	´06	15:01 mín.
43.	Ólafur Þór Jónsson	´80	15:01 mín.
44.	Aldís Tanja Söndrudóttir	´05	15:27 mín.
45.	Sigmar Aðalsteinsson	´83	15:28 mín.
46.	Guðbjörg Hulda Einardóttir	´81	16:45 mín.
47.	Ólafur Veigar Kárason	´08	16:45 mín.
48.	Sveinn Þórarinsson	´31	16:45 mín.
49.	Soffía Náttól Andradóttir	´06	16:52 mín.
50.	Hulda Kristjánsdóttir	´84	16:52 mín.
51.	Anna Guðbergisdóttir	´53	16:53 mín.
52.	Anna Fía Erlingsdóttir	´66	16:54 mín.
53.	Guðbjörg Gestsdóttir	´47	16:55 mín.
54.	Erna Jóhannsdóttir	´83	17:18 mín.
55.	Eyrún Sif Elíasdóttir	´07	17:22 mín.
56.	Elías Þráinsson	´73	17:22 mín.

## Framboðsfundur

R listinn, framboð vegna kosninga til sveitarstjórnar í Flóahreppi nú í vor, boðar til almenns fundar með kjósendum 12. maí n.k. í Þjórsárveri. Fundurinn hefst kl 20:30.

Á fundinum munu frambjóðendur kynna stefnuskrá listans og áherslur sínar í málefnum sveitarfélagsins. Kjósendur í Flóahreppi eru hvattir til þess að mæta.

f.h. R listans - ráðdeild, raunsæi og réttvísi-  
Aðalsteinn Sveinsson.

## Þingborgarmótið 2010-úrslit

Fór fram í Þingborg að venju þann 1. maí. Þátttaka var með besta mótið þetta árið og höfðu krakkarnir gaman að etja kappi við hvert annað. Meðfylgjandi eru úrslit mótsins.

### Hnátur 10 ára og yngri

		Langstökk	Kúluvarp
Margrét Inga Ágústsdóttir	Skeið	1,29 m	1,84 m
Sigríður Lára Jónasdóttir	Skeið	1,62 m	4,62 m
Freyja Margrét Vilhjálmsdóttir	Skeið	1,26 m	2,76 m
Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vaka	1,40 m	3,17 m
Sigrún Stefánsdóttir	Samhygð	1,55 m	2,51 m
Elísabet Karen Bogans	Vaka	1,43 m	2,28 m
Lára Bjarnadóttir	Skeið	1,20 m	1,84 m
Guðný Vala Björgvinsdóttir	Skeið	1,15 m	2,00 m
Agnes Björg Birgisdóttir	Baldur	1,26 m	4,79 m
Viðja Ágústsdóttir	Baldur	1,60 m	3,86 m
Klara Sól Ólafsdóttir	Vaka	1,30 m	2,76 m
Anna Sigurveig Ólafsdóttir	Vaka	1,32 m	2,53 m
Árdís Eva Birgisdóttir	Baldur		1,00 m

### Hnokkar 10 ára og yngri

		Langstökk	Kúluvarp
Sæþór Atlason	Vaka	1,64 m	3,80 m
Daði Kolviður Einarsson	Vaka	0,99 m	1,72 m
Hjalti Geir Jónsson	Vaka	0,77 m	
Daníel Logi Róbertsson	Baldur	1,08 m	1,12 m
Ágúst Þorsteinsson	Samhygð	1,27 m	1,79 m
Dagur Fannar Einarsson	Vaka	1,52 m	3,38 m
Ýmir Atlason	Vaka	1,99 m	6,02 m
Árni Már Ólafsson	Samhygð	1,49 m	4,70 m
Stefán Narfi Bjarnason	Baldur	1,72 m	7,13 m
Hlynur Þór Róbertsson	Baldur	1,97 m	4,15 m
Sigurður Jefferson	Vaka	1,63 m	5,29 m
Hugi Snær Jónsson	Vaka	1,56 m	3,48 m
Unnsteinn Reynisson	Vaka	1,46 m	3,37 m
Valdimar Örn Ingvarsson	Skeið	1,37 m	2,50 m
Einar Ágúst Ingvarsson	Skeið	1,60 m	5,35 m
Elías Örn Jónsson	Vaka	1,35 m	3,20 m

Sigurjón Reynisson	Vaka	1,19 m	1,78 m
Einar Árni Ólafsson	Baldur	1,48 m	3,54 m
Ásgrímur Örn Jónsson	Skeið	1,44 m	4,24 m
Matthías Bjarnason	Skeið	1,46 m	6,13 m
Einar Kári Sigurðsson	Skeið	1,60 m	4,94 m
Guðmundur H. Ágústsson	Skeið	2,09 m	5,55 m
Leifur Darri Hjörvarsson	Skeið	1,31 m	2,93 m
Auðunn Magni Björgvinsson	Skeið	1,42 m	3,68 m

### Stelpur 11-12 ára

#### Kúluvarp

1. Hanna Kristín Ólafsdóttir	B	6,65 m
2. Sunna Skeggjadóttir	B	5,95 m
3. Eyrún Gautadóttir	B	5,27 m

#### Hástökk

1. Sunna Skeggjadóttir	B	1,10 m
2. Eyrún Gautadóttir	B	1,05 m
3. Aníta Hrund Vilhjálmisd.	Sk	0,95 m

#### Langstökk án atr.

1. Sunna Skeggjadóttir	B	1,96 m
2. Eyrún Gautadóttir	B	1,87 m
3. Hanna Kristín Ólafsdóttir	B	1,77 m
4. Aníta Hrund Vilhjálmisd.	Sk	1,26 m

### Strákrar 11-12 ára

#### Kúluvarp

1. Þorgils Kári Sigurðsson	V	8,50 m
2. Jón Gunnþór Þorsteinsson	Sa	8,12 m
3. Ægir Atlason	V	7,81 m

#### Hástökk

1. Ægir Atlason	V	1,30 m
2. Þorgils Kári Sigurðsson	V	1,15 m
3. Arnþó Ingvar Hjörvarsson	Sk	1,05 m

#### Langstökk án atr.

1. Ægir Atlason	V	2,04 m
2. Þorgils Kári Sigurðsson	V	1,88 m
3. Arnþó Ingvar Hjörvarsson	Sk	1,81 m
4. Jón Gunnþór Þorsteinsson	Sa	1,64 m

### Telpur 13-14 ára

#### Kúluvarp

1. Guðrún Inga Helgadóttir	V	8,09 m
2. Helga Margrét Höskuldsd.	B	6,88 m
3. Margrét Helga Steindórsd.	B	6,62 m
4. Hugrún Embla Sigurðard.	Sk	6,28 m
5. Hjördís Björg Viðjudóttir	B	6,17 m

#### Þristökk án atr.

1. Hjördís Björg Viðjudóttir	B	5,86 m
2. Birgitta K. Bjarnadóttir	B	5,82 m
3. Guðrún Inga Helgadóttir	V	5,69 m
4. Margrét Helga Steindórsd.	B	5,69 m
5. Helga Margrét Höskuldsd.	B	5,66 m

#### Hástökk

1. Helga Margrét Höskuldsd.	B	1,30 m
2. Hugrún Embla Sigðurðard	Sk	1,30 m
3. Guðrún Inga Helgadóttir	V	1,20 m
4.-5. Hjördís Björg Viðjud	B	1,15 m
4.-5. Margrét Helga Steindórsd.	B	1,15 m

#### Langstökk án atr.

1. Birgitta K. Bjarnadóttir	B	2,06 m
2. Hjördís Björg Viðjudóttir	B	2,01 m
3. Hugrún Embla Sigurðard.	Sk	2,00 m
4. Guðrún Inga Helgadóttir	V	1,99 m
5. Helga Margrét Höskuldsd.	B	1,99 m
6. Margrét Helga Steindórsd.	B	1,93 m



**Piltar 13-14 ára**

## Kúluvarp

1. Sveinn Orri Einarsson	V	9,48 m
2. Jón Þór Pálsson	V	8,62 m
3. Halldór Bjarnason	V	8,59 m
4. Víkingur Freyr Erlingsson	V	8,13 m
5. Eyþór Smári	Sk	7,85 m
6. Arnar Einarsson	V	7,78 m

## Þrístökk án atr.

1. Halldór Bjarnason	V	6,17 m
2. Arnar Einarsson	V	5,82 m
3. Jón Þór Pálsson	V	5,65 m
4. Gylfi Dagur Leifsson	Sk	5,46 m
5. Eyþór Smári Hjörvarsson	Sk	5,44 m
6. Víkingur Freyr Erlingsson	V	5,32 m
7. Sveinn Orri Einarsson	V	4,79 m
8. Jóann Páll Smáráson	V	3,56 m

## Hástökk

1. Halldór Bjarnason	V	1,30 m
2. Víkingur Freyr Erlingsson	V	1,30 m
3. Jón Þór Pálsson	V	1,30 m
4. Arnar Einarsson	V	1,30 m
5. Eyþór Smári Hjörvarsson	Sk	1,25 m
6. Sveinn Orri Einarsson	V	1,15 m
7. Gylfi Dagur Leifsson	Sk	1,10 m
8. Jóann Páll Smáráson	V	1,05 m

## Langstökk án atr.

1. Halldór Bjarnason	V	2,17 m
2. Arnar Einarsson	V	2,15 m
3. Jón Þór Pálsson	V	1,96 m
4. Víkingur Freyr Erlingsson	V	1,91 m
5. Gylfi Dagur Leifsson	Sk	1,90 m
6. Eyþór Smári Hjörvarsson	Sk	1,87 m
7. Sveinn Orri Einarsson	V	1,86 m

**Meyjar 15-16 ára**

## Kúluvarp

1. Iðunn Sigurðardóttir	B	7,28 m
2. Gunnhildur Gísladóttir	B	6,61 m

## Hástökk

1. Gunnhildur Gísladóttir	B	1,20 m
2. Iðunn Sigurðardóttir	B	0,90 m

## Langstökk án atr.

1. Gunnhildur Gísladóttir	B	2,02 m
2. Iðunn Sigurðardóttir	B	1,57 m

## Þrístökk án atr.

1. Gunnhildur Gísladóttir	B	5,91 m
2. Iðunn Sigurðardóttir	B	5,02 m

**Sveinar 15-16 ára**

## Kúluvarp

1. Guðmundur Bjarnason	B	9,85 m
2. Jón Gautason	B	7,84 m

## Hástökk

1. Guðmundur Bjarnason	B	1,30 m
2. Gunnlaugur Bjarnason	Sk	1,20 m
3. Jón Gautason	B	1,15 m

## Þrístökk án atr.

1. Guðmundur Bjarnason	B	5,68 m
2. Jón Gautason	B	5,39 m
3. Gunnlaugur Bjarnason	Sk	5,24 m

## Langstökk án atr

1. Jón Gautason	B	1,96 m
2. Guðmundur Bjarnason	B	1,92 m
3. Gunnlaugur Bjarnason	Sk	1,89 m

**Heildarstigakeppni**

Umf. Baldur	209 stig
Umf. Vaka	143,5 stig
Umf. Skeið	80,5 stig
Umf Samhygð	12 stig

## Frá Umf. Samhygð

Flóahlaup Umf. Samhygðar var hlaupið laugardaginn 10. apríl. Hlaupagarpar hvaðan af fjölmenntu að vanda og voru það yfir 100 manns sem tóku þátt í hlaupinu og hlupu ýmist 3, 5 eða 10 km. Úrslit hlaupsins má finna inn á [www.hlaup.is](http://www.hlaup.is) en þess má geta að Samhygðarmaðurinn Kristinn Þór Kristinsson sigraði í 5 km opnum flokki karla á tímanum 18:32. Kaffi og verðlaunaafhending var að hlaupi loknu í Félagslundi. Samhygð vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem lögðu hönd á plóg við hlaupið, hvort sem er við bakstur og framreiðslu eða annað starf við hlaupið. Eins vill Samhygð þakka eftirtöldum styrktaraðilum fyrir sitt framlag til hlaupsins:

### Eftirtaldir styrktu hlaupið með

#### vörum:

HP – Flatkökur  
MS Selfossi

### Eftirtaldir gáfu styrktarlínu:

Vís hf.  
Sparisjóðurinn Suðurlandi  
Sólning

### Eftirtaldir gáfu verðlaun:

Byko  
Fossdekk  
Lögmenn Suðurlandi ehf.  
Frískir Flóamenn  
Flóahreppur  
Tryggingamiðstöðin  
Sundhöll Selfoss

## Glímufréttir

Nú er keppnis- og æfingatímabili glímumanna lokið eftir gott vetrarstarf. Síðasta æfingin var haldin mánudaginn 26. apríl í Félagslundi. Var æfingin með léttara sniði en venjulega og fengu krakkarnir að velja sér viðfangsefni. Á æfingunni veitti þjálfari Hönnu Kristínu Ólafsdóttur viðurkenningu fyrir góða æfingasókn í vetur. Nú tekur við hvíld frá glímunni í sumar að undanskildu Unglingalandsmótinu um verslunarmannahelgina í Borgarnesi en þar er keppt í glímu og fleiri greinum. Glímuhópurinn hefur keppt á nokkrum mótum nú í apríl og urðu úrslit eftirfarandi.

## Grunnskólamót Íslands 10. apríl í Skell – Glímusal Ármanns í Reykjavík

### 6. bekkur stúlkna – 6 keppendur

3. Hanna Kristín Ólafsdóttir 3,5+0 v.

### 7. bekkur stúlkna – 1 keppandi

Guðrún Inga Helgadóttir 1 v. Grunnskólameistari

(keppti við stúlku í 10. bekk sem einnig var stök og gerðu þær tvö jafnglími)

### 6. bekkur drengja – 13 keppendur (3 undanriðlar og 6 manna úrslitariðill)

1. Þorgils Kári Sigurðsson 4,5 v í úrslitariðli. Grunnskólameistari

6. Jón Gunnþór Þorsteinsson 0 v í úrslitariðli. (meiddist en lauk samt keppni)

Bikarglíma Íslands fór að hluta til fram sama dag og grunnskólamótið og að hluta daginn eftir á sama stað. Þá er keppt í sveitaglímuformi og tóku krakkarnir þátt í henni. Hanna Kristín var sigursveit HSK í yngsta flokki stelpna. Þorgils var sömuleiðis í sigursveit HSK í sama flokki drengja en Jón gat ekki keppt vegna meiðsla. Guðrún Inga var í silfursveit HSK sem keppti í flokki 15-16 ára meyjja.

Íslandsglíman fór fram í íþróttahúsi Kennaraháskólans 10. apríl. Stefán Geirsson glímði þar í 9 manna flokki og hafnaði í 2. sæti. Hugufrún Geirsdóttir glímði í flokki 6 kvenna og hafnaði hún í 5. sæti.

Sveitaglíma Íslands í flokkum karla og ungarla fór fram á Borg í Grímsnesi laugardaginn 24. apríl. Stefán glímði í sveit HSK sem hafnaði 3. sæti af þremur. Hlynur Logi Erlingsson var hluti af unglingsveit HSK sem varð í 2. sæti á eftir UÍA.

## **Opinn íbúafundur í Flóahreppi Um skipulags- umhverfis- og vatnsmál**

**laugardaginn 8. maí, í Þjórsárveri kl: 14:00**

**Erindi flytja:**

**Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra  
Umhverfi, skipulag og framtíðarsýn í Flóa**

**Árni Hjartarson frá ÍSOR  
Grunnvatn í Flóa og möguleikar á neysluvatni**

**Náttúruverndarsamtök Suðurlands**

**Dagskrá:**

- 1. Fundarsetning kl. 14:00.**
- 2. Erindi umhverfisráðherra**
- 3. Erindi Árna Hjartarsonar**
- 4. Erindi Náttúruverndarsamtaka Suðurlands**
- 5. Kaffihlé**
- 6. Fyrirspurnir og umræður**
- 7. Fundi slitið**

**Allir hvattir til að mæta og taka þátt í umræðunni**

**Fundarboðendur: Náttúruverndarsamtök Suðurlands og Gaulverjar ehf.**

## **ATH ATH!**

**Frjálsíþróttæfing fyrir eldri hópinn (8. bekk og eldri)  
fellur niður miðvikudaginn 12. maí.**

**Þjálfarar.**

### **Dagskrá mánaðarins**

Æfing yngri	4. maí
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	5. maí
Íþróttæfing 8. bekkur og eldri	5. maí
Bingó í Þjórsárverri	6. maí
Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar	6. maí
Hestamannakaffi í Þingborg	8. maí
Opin íbúafundur í Þjórsárverri	8. maí
Þjóðbúningamessa	9. maí
Æfing yngri	11. maí
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	12. maí
Framboðsfundur R-listinn	12. maí
Vofundur Umf Baldurs	16. maí
Æfing yngri	18. maí
Stelpu-fótbolti hefst	18. maí
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	19. maí
Íþróttæfing 8. bekkur og eldri	19. maí
Framboðsfundur T-listinn	20. maí
Fjör í Flóa	28.-30. maí
Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	8. júní



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160